

Tillaga frá formanni og varaformanni hafnarstjórnar dags. 09.11.2023.

Í framhaldi af fundi formanns, varaformanns og starfsmanns hafnarstjórnar með skipulagsstjóra Kópavogs, Auði Kristinsdóttur, þar sem var farið yfir núverandi deiliskipulag hafnarinnar og rætt um hugsanlegar breytingar á deiliskipulaginu, varð niðurstaðan sú að Hafnarstjórn Kópavogs mundi senda til skipulagsráðs Kópavogsbæjar tillögur um breytingar á skipulagi hafnarinnar þegar til framtíðar er litið.

Eftirfarandi tillögur eru hér lagðar fram:

1. Suður/vestur kantur hafnarinnar, grjótgarðurinn, verði færður til vesturs og suðurs um það bil 50 gráður (samkv.hjálagðri teikningu).
2. Austur og norðurkantur hafnarinnar þ.e. frá bátasvæðinu að legubakka verði allur skilgreindur sem hluti hafnarsvæðisins, en góður kafli þessa svæðis heyrir ekki undir höfnina í dag.
3. Steypt renna, sem er við hlið bryggjunnar sem afmarkar bátahöfnina frá annarri starfsemi hafnarinnar, verði færð og komið fyrir á vesturkanti hafnarinnar.
4. Vesturhluti hafnarinnar sem er merktur VP21 á samþykktu skipulagi í dag og er það svæði skilgreint fyrir verslun og þjónustu, verði endurskipulagt og verði hluti af hafnarsvæðinu og sérstaklega skilgreint sem svæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem tengjast hafnarstarfsemi og tengdri þjónustustarfsemi.

Að öðru leyti er ekki lagðar til frekari breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi hafnarinnar eins og það er skilgreint í aðalskipulagi Kópavogs 2019 til 2040.